

375. fundur Skólanefndar FS

28. janúar 2026



Mættir: Ásrún Helga Kristinsdóttir formaður, Anna Lilja Jóhannsdóttir, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Haraldur Axel Einarsson, Ragnheiður Möller, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Katrín Jóna Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra og Kristján Ásmundsson skólameistari. Guðmann Kristþórsson ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Starfsbraut skólans.
 2. Staðan við upphaf annar.
 3. Önnur mál.

1. Starfsbraut skólans.

Telma Rut Eiríksdóttir brautarstjóri starfsbrautar mætti á fundinn og sagði frá starfi brautarinnar. Hún sagði m.a. frá stundatöflum nemenda á brautinni og tók fram að þeir væru almennt í jafnmörgum eða fleiri kennslustundum en nemendur á starfsbrautum í öðrum framhaldsskólum. Þegar skóladegi lýkur fara nemendur í úrræði á vegum sveitarfélaganna. Telma sagði starfsfólk brautarinnar vera í góðum samskiptum við foreldra og forráðamenn nemenda og er nám hvers nemanda skipulagt út frá getu hans. Nemendur á brautinni eru nú 88 og hefur fjölgað undanfarin ár. Rætt um lengd skóladags þessara nemenda, m.a. hvort gera eigi könnun meðal foreldra þeirra um það atriði. Skólameistari og Telma töldu ekki þörf á því enda væru kennarar á brautinni í góðu sambandi við foreldra nemenda. Rætt um að lengd skóladags og fjöldi kennslustunda sem henta nemendum verði hluti af þeim samskiptum.

2. Staðan við upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi annar. Nemendur í dagskóla eru um 970, 130 nemendur eru í síðdegisnámi og grunnskólanemendur eru um 130. Heildarfjöldi nemenda er því um 1.230. Um 140 nemendur stefna á útskrift í vor. Verklek kennsla í fóttaðgerðafræði hófst um áramót. Helga Salbjörg Guðmundsdóttir hætti um áramót en nýir kennarar eru Hannes Jón Jónsson og Haukur Hilmarsson. Jóhanna Ýr Óladóttir er nýr stuðningsfulltrúi á starfsbraut. Anna Rún Jóhannsdóttir og Gísli Freyr Ragnarsson verða í leyfi á vorönninni. Nokkrum viðhaldsverkefnum er enn ekki lokið og hafa gengið fremur hægt. Uppbætur á fjárveitingum síðasta árs hafa enn ekki borist en staðan er almennt jákvæð. Skólameistari sagði frá því að nemendaígildum fjölgar úr 950 í 1.040 í fjárlögum fyrir árið 2026 sem væri mjög jákvætt og myndi breyta miklu fyrir skólann.

3. Önnur mál.

a) Skólameistari sagði frá fundi skólameistara framhaldsskólanna með menntamálaráðherra en þar var m.a. sagt frá skipulagsbreytingum í ráðuneytinu sem tengjast framhaldsskólum. Þar fær hver framhaldsskóli sinn tengilið í ráðuneytinu sem væri jákvætt. Skólameistarar lögðu til að hætt yrði við nýtt stjórnsýslustig fyrir framhaldsskóla en í staðinn farið í stefnumörkun fyrir framhaldsskólástigið.

- b) Skólameistari sagði frá því að ekkert er að fréttastofa af fyrirhugaðri viðbyggingu. Málið rætt og lögðu skólanefndarmenn áherslu á að þau mál skýrist sem fyrst.
- c) Katrín Jóna sagði frá starfsemi foreldrafélagsins en ný stjórn félagsins hefur m.a. ákveðið að styrkja verkefni nemendafélagsins eins og verið hefur.
- d) Búið er að skipa afmælisnefnd vegna 50 ára afmælis skólans í haust en þrír kennarar skipa nefndina. Þar er verið að tala um opið hús í tilefni afmælisins og veisluhöld.
- e) Skólameistari sagði frá því að senda þarf tilkynningu til sýslumanns varðandi skólasjóð. Formaður og varaformaður skólanefndar þurfa að skila inn gögnum þangað sem ábyrgðarmenn ásamt skólameistara og fjármálastjóra.
- f) Skólameistari sagði frá því að verið er að undirbúa dagatal næsta skólaárs en kennsla myndi byrja 19. ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Ásrún H. Kristinsdóttir

Ásrún Helga Kristinsdóttir, formaður

Anna Lilja Jóhannsdóttir

Anna Lilja Jóhannsdóttir

Halldór Rósmundur Guðjónsson

Halldór Rósmundur Guðjónsson

Haraldur Axel Einarsson

Haraldur Axel Einarsson

Ragnheiður Möller

Ragnheiður Möller

Gunnar Valdimarsson

Gunnar Valdimarsson

Katrín J. Ólafsdóttir

Katrín Jóna Ólafsdóttir

Kristján Ásmundsson

Kristján Ásmundsson, skólameistari

Guðmann Kristþórsson

Guðmann Kristþórsson, fundarritari